

ÁKVÖRÐUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS nr. 451/2003/EB

frá 27. febrúar 2003

um breytingu á ákvörðun nr. 253/2000/EB um framkvæmd annars þreps aðgerðaáætlunar Bandalagsins á sviði menntamála – Sókrates

EVROPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS Hafa,
með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 149. og 150. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar⁽¹⁾,
með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndar Evrópubandalaganna⁽²⁾,

að höfðu samráði við svæðanefndina,

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans⁽³⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í lið B.2 í IV. þætti viðaukans við ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 253/2000/EB⁽⁴⁾ kemur fram að fjárhagsaðstoð Bandalagsins til framkvæmdar verkefna sem kosið er að fjármagna samkvæmt aðgerðaáætlun Bandalagsins á sviði menntamála, Sókrates, (hér á eftir nefnd „áætlunin“) skuli ekki vera meiri en 75% af heildarkostnaði við verkefnið nema um hliðarráðstafanir sé að ræða.
- 2) Í ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 819/95/EB frá 14. mars 1995 um að koma á fót aðgerðaáætlun Bandalagsins, Sókrates⁽⁵⁾, er ekki mælt fyrir um sameiginlega lágmarksfjármögnun.
- 3) Verkefni, sem falla undir þær aðgerðir áætlunarinnar, sem ekki eru miðstýrðar, koma ekki til framkvæmda án verulegs framlags þeirra samtaka sem taka þátt í samstarfsverkefninu í formi vinnustunda og grunnvirkja. Fjárhagsaðstoð Bandalagsins, sem er veitt til þessara verkefna, nægir ekki fyrir kostnaði við starfsfólk en getur nægt fyrir allt að 100% af öðrum kostnaði við framkvæmd verkefnisins.
- 4) Markhópurinn, að því er varðar þessi verkefni, er einkum litlar stofnanir, s.s. skólar og fullorðins-fræðslustofnanir sem alla jafna hafa takmörkuð stjórnunarúrræði.
- 5) Bandalagið hefur ekki áður krafist þess að stofnanir sem taka þátt í verkefnum innan aðgerða áætlunarinnar, sem eru ekki miðstýrðar, veiti upplýsingar um kostnað við starfsfólk sem ráðið er til framkvæmdar verkefnunum.
- 6) Upphæðirnar, sem Bandalagið veitir til aðstoðar verkefnum, sem falla undir þær aðgerðir áætlunarinnar, sem eru ekki miðstýrðar, eru lágar eða að meðaltali 3315 evrur árið 2000.
- 7) Evrópuþingið lét í ljós, í ályktun sinni frá 28. febrúar 2002 um framkvæmd Sókrates-áætlunarinnar, áhyggjur af óhóflægri stjórnsýslubyrði sem lögð er á styrkþega minni styrkja, einkum samkvæmt Comenius-aðgerðinni, og hefur hvatt framkvæmdastjórnina til að leggja fram tillögu um þær breytingar á löggjöf sem eru nauðsynlegar til að afnema kröfur um sameiginlega fjármögnun að því er varðar fyrirnefnda styrki.
- 8) Í hvítbók sinni um umbætur hjá framkvæmdastjórninni, II. hluta, skuldbindur framkvæmdastjórnin sig til að bæta og einfalda innri og ytri verklagsreglur að því leyti sem þær varða aðrar stofnanir, aðildarríki og borgara.
- 9) Það samræmist ekki meginreglunni um einföldun og meðalhófsreglunni að gera nýjar kröfur til stofnana, sem taka þátt í verkefnum sem falla undir þær aðgerðir áætlunarinnar, sem ekki eru miðstýrðar, um að gerð verði grein fyrir framlagi starfsfólks þessara stofnana til framkvæmdar verkefnunum, einungis til þess að sýna fram á að fjárhagsaðstoð Bandalagsins sé ekki hærri en 75% af heildarkostnaði við verkefnið.
- 10) Því er þörf á að breyta ákvæðum fyrstu málsgreinar í lið B.2 í IV. þætti viðaukans við ákvörðun nr. 253/2000/EB til þess að hægt sé að beita þessari kröfu um sameiginlega fjármögnun á hæfilega sveigjanlegan hátt.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

I. gr.

Í stað fyrstu málsgreinar í lið B.2 í IV. þætti viðaukans við ákvörðun nr. 253/2000/EB komi eftirfarandi:

„Fjárhagsaðstoð Bandalagsins, sem er veitt til verkefna samkvæmt þessari áætlun, ber alla jafna að nota að hluta til greiðslu áætlaðs nauðsynlegs kostnaðar vegna viðkomandi starfsemi og hana má veita í þrjú ár hið mesta, með fyrirvara um reglubundna endurskoðun á þeim árangri sem náðst hefur. Í samræmi við meginregluna um sameiginlega fjármögnun getur framlag styrkþegans falist í því að útvega starfsfólk og/eða grunnvirki sem nauðsynleg þykja til framkvæmdar verkefninu. Aðstoð má veita fyrir fram til undirbúningsheimsóknna vegna viðkomandi verkefna.“

⁽¹⁾ Stjtið. EB C 203 E, 27.8.2002, bls. 133.

⁽²⁾ Stjtið. EB C 241, 7.10.2002, bls. 97.

⁽³⁾ Álit Evrópuþingsins frá 3. september 2002 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum ESB) og ákvörðun ráðsins frá 27. febrúar 2003.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 28, 3.2.2000, bls. 1.

⁽⁵⁾ Stjtið. EB L 87, 20.4.1995, bls. 10. Ákvörðuninni var síðast breytt með ákvörðun nr. 68/2000/EB (Stjtið. EB L 10, 14.1.2000, bls. 1).

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Gjört í Brussel 27. febrúar 2003.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

P. COX

forseti.

Fyrir hönd ráðsins,

M. CHRISOCHOÏDIS

forseti.
